

Nd.

46. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

3. gr. laga nr. 34, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Ráðuneytið setur reglur um aflifun allra húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svo og um rekstur og annan flutning innanlands á sauðfje til slátrunar og á sauðfje og hrossum til útflutnings, og um meðferð á hrossum í brúkun. Skal það gert með reglugerð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af Dýraverndunarfjelagi Íslands og flutt eftir til-mælum þess. Um ástæður fyrir frv. er vísað til eftirfarandi brjefs frá for-manni fjelagsins.

Reykjavík, 27. febr. 1922.

Stjórn Dýraverndunarfjelds Íslands hefir falið mjer að koma á fram-færi í Alþingi tillögu um breytingu á lögum um dýraverndun, nr. 34, 3. nóv. 1915, í þá átt, sem meðfylgjaði frv. til laga segir. Það er að eins 3. gr. lag-anna, sem farið er fram á að breyta, og er breytingin fólgin í því, að þar sem gildandi lög mæla svo fyrir, að stjórnarráðið setji reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, þá er með breytingunni svo til ætlast, að það setji reglur um alla aflifun húsdýra, hvort heldur í slátrunarhúsum eða á heimilum. Hjer við er og bætt fuglaveiðum, sem engar reglur hafa áður verið settar um.

Dýraverndunarfjeldið hefir á síðustu árum mjög reynt að stuðla að því, að aflifun búpenings færi fram svo mannúðlega, sem kostur væri á, og fyrirskipar núgildandi reglugerð deyðing með skoti, í stað hins viðbjóðslega hálsskurðar eða hjartastungu eða svæfingar, sem áður tíðkaðist á skepnum í fullu fjöri og með ódeyföri tilfinningu. Í byrjun þótti ekki gerlegt að setja reglur um deyðinguna annarsstaðar en á opinberum slátrunarstöðum. En allir máttu sjá, að þetta var að eins hálfverk. Á síðustu 6 árum hefir hugsunar-háttur manna breyst svo í þessu efni, að telja má hættulaust að fyrirskipa þessa deyðingaraðferð alment, þar sem búast mátti við, að sú fyrirskipun mundi mæta móþróa fyrir nokkrum árum. Jeg skal reyndar í þessu sam-bandi taka fram, að það er ekki mín meining, að skot verði undir öllum kringumstæðum fyrirskipuð af ráðuneytinu, þegar þessi breyting á lögnum er fengin, heldur að velja megi milli skots og *rothöggs*. Aðalatriðið er þetta, að skepnan verði ekki »skorin« til að tæma blóðið úr kjötinu fyr en hún hefir verið gerð meðvitundarlaus.

Dýraverndunarfjelag í Skagafirði hefir kært yfir þeirri andstyggilegu og ómannúðlegu aðferð við fuglaveiðar við Drangey, sem þar er kölluð »flekaveiði með bandingja«. Fyrir því er ákvæðinu um fuglaveiði bætt inn í áður nefnda grein, svo að ráðuneytið geti með nýrri reglugerð bannað þessa veiði-aðferð. Jeg geri ráð fyrir, að aðferðin sje kunn þingmönnum, og lýsi henni því ekki.

Verði nefnd skipuð í málið, sem sjálfsagt má gera ráð fyrir, þá er jeg fús til að ræða málið með henni og gefa þær upplýsingar, sem jeg kynni að geta gefið.

Virðingarfylst.

Jón Þórarinsson,
p. t. form. Dýraverndunarfjelags Íslands.